

Reykjavík Sightseeing Inve ehf
Skógarhlíð 10
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. febrúar 2022
UST202201-250/Þ.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til myndatöku - Skógafoss

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Reykjavík Sightseeing Inve ehf, dagsett 25. janúar 2022, um leyfi til myndatöku við Skógafoss innan.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að lýsa upp Skógafoss með 4 ljóskösturum í 1-2 klst að kvöldi 5. febrúar næstkomandi. Kastararnir munu varpa hvítu ljósi á fossinn meðan hópur ljósmyndara myndar hann. Kastararnir verða knúnir með lítilli rafstöð sem hægt er að bera og er hljóðlát. Ekki liggur fyrir nákvæmlega hvar kastararnir yrðu staðsettir. Kæmi í ljós þegar verkið er unnið hvernig það lítur best út. Áætlað er að uppsetning, myndataka og frágangur á svæðinu muni taka 6 klst. Tveir starfsmenn munu koma að verkefninu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrifa á náttúrufar og verndargildi svæðisins sé skilyrðum leyfisins fylgt. Ólíklegt er talið að framkvæmdin muni hafa truflandi áhrif á ferðamenn.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Reykjavík Sightseeing Inve ehf fyrir sitt leyti leyfi fyrir ljósmyndatöku við Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan þann 5. febrúar 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Einungis skal gengið eftir áreyrum og merktum göngustígum. Óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengisreglur sem gilda um svæðið.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Ljósmyndarar skulu sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir ljósmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Notkun dróna er óheimil nema með skriflegu leyfi Umhverfisstofnunar.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Magnús Freyr Sigurkarlsson
sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
sérfræðingur